Ljósgjafinn

Rafverktakar

Ljósgjafinn

- Alhliða þjónusta í öllu því sem snýr að rafmagni og raftæknibúnaði.
- Unnið er eftir gæðastjórnunarkerfi Samtaka iðnaðarins og hefur Ljósgjafinn unnið sér inn D-vottun frá þeim.
- 40-50 tæknimenn vinna hjá fyrirtækinu.
- Ljósgjafinn hefur yfir að ráða fjölda af sérmenntuðu starfsfólki; rafvirkja, rafvirkjameistara, rafeindavirkja, vélvirkja, vélstjóra, símsmiði, rafiðnfræðinga, raffræðinga, rafmagnstæknifræðinga, lýsingarhönnuði, hátækniverkfræðing, kerfisfræðing og byggingafræðing.
- Þessi mikla og fjölbreytta þekking sem býr í mannauði fyrirtækisins gerir okkur kleift að taka að okkur öll þau verkefni sem tengjast rafmagni hvort sem er rafverktaka eða hönnun á rafkerfum.
- Ljósgjafinn býr að áratugalangri reynslu og hefur komið að nánast öllu því sem búast má við í rafkerfum hvort sem er í nýlögnum eða þjónustu við jafnt fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Lykilstjórnendur

Randver Karlsson
Framkvæmdarstjóri
randver@ljosgjafinn.is
Sími 899 7788

Stefán Karl Randversson
Löggiltur rafverktaki
skr@ljosgjafinn.is
Sími 840 8168

Valur Benediktsson
Rafhönnuður
Tilboðsgerð
valur@ljosgjafinn.is
Sími 898 0497

Aðalgeir Hallgrímsson
Rafvirkjameistari
Yfirverkstjóri
allih@ljosgjafinn.is
Sími 840 8191

Sigurður Ólafsson
Rafvirkjameistari
Yfirverkstjóri
siggiola@ljosgjafinn.is
Sími 840 8197

Páll Sverrisson
Rafeindavirki
Deildarstjóri símadeildar
Símkerfi, bruna-, aðgangs- og myndavélakerfi
pallisv@ljosgjafinn.is
Sími 840 8182

Rafverktakar

Ljósgjafinn ehf. býr yfir áratuga reynslu í öllu því sem snýr að rafmagni og raftækni búnaði.

Við þjónustum fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga á svæðinu af metnaði og alúð.

- Almennar raflagnir
- Tilboðsverkefni
- Nýlagnir í allir tegundir bygginga
- Fyrirtækjaþjónusta
- Þjónusta við bændur
- Tölvu- og símkerfi
- Loftnetskerfi og gervihnattabúnaður
- Varmadælur - sala og uppsetningar
- Brunakerfi
- Innbrotakerfi
- Myndavélakerfi
- Aðgangsstýringar
- Ljósastýrikerfi
- Brunalokukerfi
- Vettvangsþjónusta Símans
- Posaþjónusta fyrir Valitor
- Lofræstikerfi
- Lyftuúttektir

Smáspenna

Ljósgjafinn er með öfluga smáspennudeild sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu hvað varðar aðgangsstýringar, síma og tölvulagnir, ásamt bruna-, myndavéla- og öryggiskerfi.

- Vettvagnsþjónusta Mílu
- Ljósnets- og ljósleiðaratengingar
- ADSL
- Síma- og netlagnir
- Almennar viðgerðir
- Breytingar á dreifikerfum innanhúss
- Aðgangsstýringar - heildarlausn eða breytingar
- IP símstöðvar
- Myndavélakerfi
- Öryggiskerfi
- Brunakerfi - heildarlausnir, úttektir og viðhald
- Nýtengingar

Nokkur dæmi um verkefni Ljósgjafans

- Bústólpi - Endurnýjun á fóðurveksmiðju og viðhaldsþjónusta
- Höldur - Nýjar höfuðstöðvar, verkefni á bílaverkstæðinu og viðhaldsþjónusta. Hönnun rafkerfa á aðalskrifstofu að Tryggvabraut
- Coca Cola company - Þjónusta við verksmiðjuna á Akureyri
- B. Jensen - Viðhaldsþjónusta við kjötvinnslu og sláturlínu.
- N1 - Viðhaldþjónusta við bensínstöðvar og nýframkvæmd við Leirustöð
- Norðlenska - Viðhaldsþjónusta við kjötvinnslu á Akureyri
- Stórt iðnaðarþvottahús á Húsavík – Rafverktakar og rafhönnun
- Fosshótel Húsavík - Vinna við hótelið í samstarfi við EGJ rafverktaka á Húsavík. Ljósfjafinn kom líka að hönnun á rafmangstöflum í hótelinu.
- Norðurljósasetur - Vinna við setrið í samvinnu við EGJ á Húsavík
- Fosshótel Mývatn - Rafverktakar
- Fosshótel Vatnajökull - Rafverktakar á viðbyggingu við hótelið á Hnappavöllum í Öræfasveit
- Landsvirkjun - Mötuneyti við Laxá. Hönnun og rafverktakar
- Landsvirkjun - Endurnýjun á raflögnum og lýsingu á skrifstofum á Akureyri
- Landsvirkjun - Vinna við gangsetningu seinni vélasamstæðu Kröflustöðvar. Rafverktakar
- Landsvirkjun - Vinna við Blöndustöð. Rafverktakar
- Landsvirkjun - Ýmis vinna við Hraunaveitur í Kárahnjúkum
- Hvalfjarðargöng - Rafverktakar
- Baldurshagablokkir - Rafverktakar
- Icelandair hótel Mývatn - Rafverktakar við uppbyggingu hótels og viðbætur, ásamt starfsmannahúsum .Ljósgjafinn sá einnig um alla rafhönnun
- Norðurorka - Rafverktakar á byggingu Orkuseturs
- Listasafn Akureyrar - Rafverktakar á endurbyggingu listasafnsins
- Hyrna byggingarverktaki - Rafverktakar fjölda bygginga í Nausta- og Hagahverfi
- Fjósið á Sigtúnum í Eyjafarðarsveit - Rafverktakar og hönnun rafkerfa
- Kálfahús á Öxnhóli - Rafverktakar og hönnun rafkerfa.
- Starfsmannaálmur á byggingartímanum við PCC Bakka Silicon - Rafverktakar
- Víðgelmir - Lýsing og þjónustuhús í 1km löngum hraunhelli, rafverktaka og hönnun
- Varmadælur - víða um norðurland
- Skólpdælustöð á Akureyri - Rafverktakar
- Tannlæknastofur Glerártorgi - Rafverktakar
- Blóðbankinn Glerártorgi - Rafverktakar
- Þelamerkurskóli Hörgársveit - Þjónusta við skólann
- Nýjar sveitarstjórnarskrifstofur Hörgársveitar - Rafverktakar
- Naustaskóli - Rafverktakar
- Aðgangskerfi sjúkrahúss Akureyrar - rafverktakar í samstarfi við Öryggismiðstöð Íslands
- Hótel Hrímland - Rafverktakar og hönnuðir rafkerfa
- Fjósið á Bægisá í Hörgársveit - Rafverktakar

Hótelverkefni

Fosshótel Mývatn

Ljósgjafinn sá um rafverktöku á nýju Fosshóteli á Flatskalla í Mývatnssveit. Hótelið er byggt upp með samlímdum timbureiningum og er því um mjög óhefðbundna byggingaraðferð að ræða.

Nú um þessar mundir erum við aftur að vinna fyrir Fosshótel keðjuna í samskonar einingum en nú við hótelið að Hnappavöllum í Öræfasveit. Við höfum átt mikið og gott samstarf við eigendur Fosshótels keðjunnar á síðustu árum.

Fosshótel Húsavík

Ljósgjafinn var í samstafi við EGJ rafverktaka á Húsavík við endurnýjun á Fosshóteli Húsavík.

Ljósgjafinn lagði til mannskap við viðbyggingu og eins sá tæknideildin um hluta af rafhönnun hótelsins í samstafi við Lúmex.

Hótelverkefni

Hrímland íbúðarhótel

Rafverktakar við nýtt íbúðarhótel við Strandgötu á Akureyri.
Húsið sem á árum áður hýsti dagblaðið Dag á Akureyri var allt endurinnréttað og byggt við það. Verkefnið er enn í gangi, en hluti hótelsins hefur verið tekið í notkun.

Tæknideild Ljósgjafans sá einnig um alla rafhönnun.

Icelandair hótel Mývatn

Rafverktakar á ný standsettu Icelandair hóteli við Mývatn.
Hótelið var allt endurbyggt og það stækkað töluvert. Þetta hefur verið metnaðarfullt og skemmtilegt verkefni. Einnig voru allar starfsmannaíbúðir endurnýjaðar.

Tæknideild Ljósgjafans sá einng um alla rafhönnun.

Landbúnaður

Bægisá í Hörgársveit

Ljósgjafinn sá um rafverktöku í þessu glæsilega hátæknivædda fjósi sem nýbúið er að að taka í notkun að Bægisá í Hörgásveit.

Þjónusta við bændur skiptir Ljósgjafann miklu máli enda landbúnaður í fyrirtæki sem þurfa að geta treyst allan sólarhringinn á þjónustu okkar.

Sigtún í Eyjafarðarsveit

Ljósgjafinn sá um alla rafverktöku í hátæknifjósinu í Sigtúni í Eyjafarðarsveit.
Tæknideild Ljósgjafans sjá einnig um alla rafhönnun á þessu glæsilega fjósi.

Opinberar framkvæmdir

Listasafn Akureyrar

Nýverið var lokið við endurbætur og viðbyggingu við Listasafn Akureyrar í Grófargili. Ljósgjafinn var rafverktaki á því verkefni en verkkaupinn var Akureyrarbær. Um mjög víðamikla framkvæmd var að ræða enda magþætt raf- og öryggiskerfi sem þurfa að vera í svo stóru og víðamiklu listasafni.

Opinberar framkvæmdir

Skólphreinsistöð fyrir Akureyrarkaupstað

Nú um þessar mundir er verið að byggja skólphreinsistöð í Bótinni á Akureyri. Ljósgjafinn er rafverktaki á þessu verkefni. Verkkaupi er Norðurorka. Þetta er víðamikið verkefni enda mikill búnaður sem þarf til að hreinsa og dæla út skólpi frá 18.þús. manna sveitarfélagi.

Norðurorka - Orkusetur

Ljósgjafinn var rafverktaki við byggingu Orkuseturs sem Norðurorka hefur sett upp á Rangárvöllum. Í húsinu, sem er 715fm, verða Orkustofnun, Íslenskar orkurannsóknir, Fallorka, Umhverfismiðstöð Akureyrar og Landsnet með skrifstofur sínar.

Norðurljósarannsóknarsetur að Kárhóli í Reykjadal

Sjálfseignarstofnunin Arctic Observatory byggir nú Norðurljósarannsóknarstöð samkvæmt samningi við Kínversku Pólarrannsóknarstofnunina, PRIC, sem undirritaður var 5. Október 2013. Stöðin er staðsett að Kárhóli í Reykjadal, Þingeyjarsveit, um 65 km austan við Akureyri. Húsið er um 760 m^2 að stærð.

Ljósgjafinn hefur unnið við frágang rafkerfa í þessari rannsóknarstöð í samstarfi við EGJ rafverktaka á Húsavík.
Mjög víðamikil rafkerfi eru í byggingu sem þessari og erum við stoltir að hafa fengið að koma að þessu verkefni.
Stöðin hefur verið tekin í notkun þó enn sé unnið að ýmsum frágangi. Húsið, sem er allt hið glæsilegasta, verður nýtt til rannsókna á norðuljósum. Í húsinu verður gestastofa þar sem boðið verður upp á kynningu á visindastarfinu sem þar fer fram. Húsið er kærkomin viðbót við menntun, ferðamennsku, þjónustu og afþreyingu á svæðinu.

Rafverktaka á íbúðarhúsnæði

Ljósgjafinn hefur áratuga reynslu af rafverktöku í allra handa íbúðarhúsnæði hvort sem það eru stærri fjölbýlishús, raðhús, parhús, einbýlishús eða sumarhús.

Lagt er upp úr því að sömu starfsmenn Ljósgjafans sjái um framkvæmdina frá upphafi til enda. Nokkrir starfsmenn okkar mynda þannig teymi sem sjá svo um sín ákveðnu verkefni. Með því næst betri yfirsýn og verkkaupar okkar fá persónulegri þjónustu. Í hverju teymi er ávalt reynslumikill rafvirki sem leiðir vinnuna innan hópsins.

Oft eru íbúðarverkefnin hönnuð á tæknideild Ljósgjafans og þannig má stytta boðleiðir milli hönnuðar, rafvirkjanna og verkaupa.

Við gefum verðtilboð á verkefninu eða verð á veitta þjónustu og á efni. Allt eftir hvað hentar hverju og einu verki.

Við leggjum metnað okkar í að verkkaupar okkar séu sáttir með okkar vinnubrögð og geti veitt okkur gott orðspor til framtíðar. Það er alltaf besta auglýsingin sem við getum fengið.

Ferðaþjónusta

Fjölgun ferðamanna hefur ekki farið framhjá okkur á Ljósgjafanum. Eins og sjá má hér framar hafa t.d. hóteluppbyggingar skipað stórt hlutverk í verkefnastöðu okkar síðustu ár.

En við höfum líka komið að verkefnum sem snúa að afþreyingu fyrir ferðamenn. Víðgelmir er dæmi um slíkt verkefni.

Það voru ábúendur á bænum Fljótstungu í Hvítársíðu sem komu til okkar með hugmynd um að lýsa upp hellinn sem er lengsti hraunrennslishellir á Íslandi. Til stóð að lýsa upp um 500-700m af hellinum sem er tæpir 1600 m að lengd.

Ekkert rafmagn var á svæðinu og ekkert svipað verkefni hafði verið gert á Íslandi áður. Leggja þurfti háspennustrengi langa leið, koma upp þjónustuhúsi og leggja strengi þaðan yfir úfið hraun og inn í hellinn, koma fyrir töflum og ljósum án þess að skemma neitt í umhverfinu.

Verkefnið tókst afar vel og var Tæknideild Ljósgjafans tilnefnd til Lýsingarverðlaunanna árið 2018 fyrir verkefnið.

Iðnaður, verslun og þjónusta

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir hefur ávallt skipað mjög stóran þátt í rekstri Ljósgjafans.

Mörg stór og smá fyrirtæki treysta algjörlega á okkur ef eitthvað kemur fyrir eða ef eitthvað þarfnast skoðunar. Það getur skipt sköpum í rekstri fyrirtækja að brugðist sé strax við ef bilun verður í búnaði. Eins þarf að vera hægt að treysta á að fyrirtækið sem þjónustar rafbúnað iðnfyrirtækja hafi til staðar fólk með sérkunnáttu á því sviðið sem bilunin kallar á.

Ljósgjafinn býr yfir miklum mannauði með mikla og margvíslega þekkingu og er stöðugt í að fylgjast með nýjungum og stækka kunnáttu sem nýtist í verkefnum okkar.

Við leggjum mikið upp úr því að bregðast ávallt hratt við ef bilanir verða sem valda vandræðum í rekstri hjá verkkaupum okkar.

Eins reynum við ávallt að hafa starfsmenn sem þekkja vel til innan þeirra fyrirtækja sem um er að ræða. Meðal nokkurra fyrirtækja og stofnana sem við þjónustum má t.d. Nefna:

- Bústólpi fóðurverksmiðja.
- N1 bensínstöðvar.
- Mjólkursamsalan.
- Ýmis Hótel.
- Norðlenska á Akureyri kjötvinnsla.
- B. Jensen kjötvinnsla.
- Coca Cola Company bjórverksmiðja Akureyri.
- Höldur bílaleiga og verkstæði.
- Margar verslanir.
- Nokkrar sundlaugar.
- Íþróttamannvirki.
- Bændur víða um norðurland.
- Skólar.
- Brauðgerð Axels.
- Kristjánsbakarí.
- Spretturinn.
- Dominos.
- Ýmis leigufélög.
- Vörður tryggingarfélag.
- Og margt margt fleira



Lýsingarkerfi KNX/Dali

- Ljósastýring getur verið mjög hentug þegar ná á fram mismunandi lýsingu í rýmum, orkusparnaði, fækka rofum og einfalda umgengni um byggingar.
- KNX er eitt vinsælasta hússtjórnunarkerfið á markaðnum í dag
- Með KNX er hægt að stjórna nánast hverju sem er í gegnum netið; Ljósum, hitakerfi, gardínum, gluggum, hljóðkerfum og fleiru.
- Hægt er að tengja saman allt að 57.375 tæki á eitt kerfi. Síðan er hægt að stjórna þeim öllum úr spjaldtölvu eða síma.
- DALI ljósakerfi eru byggð upp á íhlutum sem koma með t.d. ljósabúnaðinum. Búnaður tengist saman á samskiptastreng sem má vera með hefðbundnum ídrætti í rörum. Auðvelt er að skipta rýmum upp í hópa og búa til senur. Oft er gott að láta Dali og KNX vinna saman í að ljósastýra kerfum.
- Ljósgjafinn hefur verið að setja upp og forrita bæði KNX og Dali kerfi t.d á Listasafninu Akureyri, Norðurljósasetrinu á Kárhóli, Icelandair Hótel Mývatnssveit og fleiri stöðum.

Starfsmaður Ljósgjafans forritar KNX kerfi á Listasafninu

Brunaviðvörunar- og neyðarlýsingarkerfi

- Brunaviðvörunarkerfi uppgötva eld á byrjunarstigi, varar fólk á staðnum við, stýra ýmsum varúðarráðstöfunum og senda boð til viðurkenndrar vaktstöðvar sem ræsir út eigendur og slökkvilið.

- Kerfin eru annað hvort rásaskipt eða númeruð, þar sem hver skynjari á sitt heimilisfang og hægt að sjá nákvæmlega hvar eldur er í byggingunni.

- Ljósgjafinn hefur mikið komið að bæði hönnun og uppsetningum á brunaviðvörunarkerfum.

- Brunaviðvörunarkerfi þarf að taka út að lágmarki árlega þar sem virkni þeirra er prófuð og gerðar þær lagfæringar sem þarf til að þau virki ávallt fullkomlega. Ljósgjafinn annast slíkar úttektir á fjölda brunaviðvörunarkerfa árlega.

- Neyðar- og flóttaleiðarlýsingar eru búnaður sem þarfnast reglulegra úttekta. Ljósgjafinn hefur mikið komið að hönnun og uppsetningu á slíkum kerfum og gerir á þeim reglubundnar úttektir samkvæmt kröfum reglugerða.

Aðgangsstýrikerfi

- Aðgangsstýrikerfi gera það kleift að hægt er að stjórna aðgangi fólks um húsnæði. Aðgangskort eða lykilorð koma þá í stað hefðbundna lykla að hurðum.
- Aðgangsstýrikerfi geta einnig gefið fullkomna yfirsýn yfir það hverjir ganga um húsnæðið, bæði hvar og hvenær.
- Hægt er að búa til tímabundna aðganga eða veita notanda aðgang aðeins að ákveðnum hurðum
- ICT kerfi er dæmi um aðgangsstýrikerfi sem Ljósgjafinn hefur séð um og felur í sér bæði aðgangsstýringu og innbrotavörn.
- SALTO kerfi er annað kerfi, sem hentar vel fyrir t.d. hótel. Fyrirferðalitlir lásar á hurðir tengjast þá netinu þráðlaust og auðvelda alla aðgangsstýringu. Þannig opnar kortið hurðina en gefur líka upplýsingar inn á kerfið um að gengið hafi verið um hurðina.
- Ljósgjafinn hefur hannað fjölda slíkra kerfa og séð um uppsetningu og þjónustu þeirra.

ICT kerfi, m.a notað í íbúðarhótel Hrímlands og K16 apartments Akureyri



Aðgangsstýrikerfi í nýja Listasafninu á Akureyri

Hljóðkerfi

- Ljósgjafinn hefur m.a verið að setja upp kerfi frá Sonos, sem er snjallt hátalarakerfi sem hægt er að streyma í mörgum rýmum í einu eða láta hljóðið elta sig eftir því hvernig þú gengur um húsið úr einu rými í annað.

- Kerfið tengist saman milli hátalara með WiFi og hægt er að stjórna því með einföldu appi í snjallsíma, tölvu eða spjaldtölvu. Síðan er hægt að stjórna hljóði og stilla hátalarana.

- Hægt er að hlusta á mismunandi hljóð í mörgum herbergjum eða tengja alla hátalarana saman í einn stóran hljóm

- Hátalar eru tengdir við 230V en taka merkið á WiFi eða með cat5 snúrum.

- Ljósgjafinn hefur einnig sett upp 110V kerfi. En þá er mögulegt að fara lengri leiðir og á grennri strengjum með hátalarsnúrur.



Öryggiskerfi

- Öryggiskerfi vakta hús fyrir innbrotum, straumrofi, vatns- og brunatjónum.
- Oft eru innbrotakerfi tengd aðgangskerfum en oftast eru þau stök kerfi sem vakta bygginguna.
- Kerfin samanstanda af stjórnstöð, talnalásum, hreyfiskynjurum, vatnsskynjurum, hurða og gluggaskynjurum, rúðubrotsskynjurum, gasskynjurum og ef ekki er fyrir brunaviðvörunarkerfi í byggingunni þá má tengja reykskynjara við kerfið.
- Hægt að tengja kerfið við vaktstöð eða láta kerfið senda upplýsingar á húseigenda í farsíma auk þess sem sírena fer í gang við útkall.
- Kerfin geta verið hvort sem er víruð eða þráðlaus með rafhlöðum. Við mælum þó alltaf með því að hafa kerfin víruð ef það er mögulegt.
- Ljósgjafinn er reglulega að hanna og setja upp öryggiskerfi og þjónustar viðhald á slíkum kerfum.

Myndavélakerfi

- Myndavélakerfi eru alltaf að verða meira og meira notuð í umhverfi okkar. Fyrirtæki og stofnanir nota slík kerfi til að vakta sitt svæði.

- Við hjá Ljósgjafanum höfum töluvert fengist við að hanna og setja upp myndavélakerfi.

- Dæmi um slík verkefni er íbúðarhótelið Hrímland. Hótelið þar er alla jafnan ómannað af starfsfólki og er aðgangi stýrt með bókunarkerfi og aðgangskerfi með talnalásum á hurðum.

- Við pöntun á herbergi fær viðskiptavinurinn tölur sem virka á úti- og herbergishurð þá daga sem dvelja skal á hótelinu. Myndavélarkerfi við inngang og á göngum sjá svo um að fylgjast með. Komi eitthvað fyrir er hægt að fletta upp í myndgögnum sem hlaðast niður á myndavélatölvu.

Töflur fyrir iðnað og stórnotendur

- Ljósgjafinn hefur leyfi frá Logstrup til að setja saman allt upp í Form 4 töfluskápa fyrir stærri notendur þar sem skammhlaupsstraumar eru hærri en 800A

- Það hafa verið settar upp margar stórar töflur sem voru smíðaðar á Ljósgjafanum í gegnum árin.

- Meðal annars má nefna töflur í Bústólpa, Fosshótel Mývatn, Hvalfjarðargöng, Vestfjarðargöng, Loðnubræðsluna á Þórshöfn, Sjúkrahúsið á Akureyri og fl.

Síma- og ljósleiðartengingar

Símadeild Ljósgjafans

- Ljósgjafinn rekur öfluga símadeild sem um árabil hefur sinnt vettvangsþjónustu fyrir Símann og Mílu á norðurlandi.
- Deildin er líka í uppsetningu á IP símkerfum, sér um að tengja ljósleiðaralagnir og koma upp allra handa netkerfum stórum jafnt sem smáum.
- Eins sér símadeildin um að mæla út netkerfi og koma með lausnir ef upp koma vandamál.